



**277. Stjórnarfundur haldinn 6. des. 2006 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

**2. Innkominn bréf.**

Bréf frá: tölvupóstur frá gjaldkera körfuknattleiksdeildar ásamt afriti af samningi við Bykó v/ sölu á samningum til Landsbankans.

Aðalstjórn gerir ekki athugasemdir við sölu á samningi körfuknattleiksdeildar við Bykó til Landsbankans en það hefur í för með sér yfirdrátt að upphæð eina milljón og fimmhundrað þúsund krónur sem greiðist svo niður með samningi Bykó.

**3. Send bréf.**

Bréf sent ÍT v/ fimleikahúss.

**4. Fundur með stjórn sunddeildar.**

Einar bauð fundarmenn velkomna á stjórnarfund aðalstjórnar. Einar fór yfir tilgang þessa fundar sem er að aðalstjórn hefur sett sér það markmið að funda með öllum stjórnnum félagsins og eiga þeir fundir að koma í stað formannafundar. Einar gaf síðan Klemenz formanni deildarinnar orðið. Klemenz skýrði frá því að starfsemin væri í mjög góðu lagi sem og fjármál deildarinnar. Þjálfarmál eru fullfrágenginn fyrir næst ár. Sundskólinn er rekinn aðallega í verktöku, en einnig hafa starfsmenn skólans verið á launaskrá. Klemenz sagði frá því að hann gæfi ekki kost á sér til formanns á næsta aðalfundi en Guðmundur Jón Bjarnason myndi gefa kost á sér til formanns. Deildin tók að sér að halda AMÍ sem fór fram í lok júní. Mótið þótti hafa tekist mjög vel, mannvirki og aðstaða öll til mikillar fyrirmyndar. Aðstaða deildarinnar er mjög til fyrirmyndar við byggingu á nýju sundaðstöðinni við Sunnubraut. Samstarfið við sunddeild Njarðvíkur gengur vel, fjármálaskipting á rekstri sundliði ÍRB skiptist 30% sunddeild Njarðvíkur og 70% sunddeild Keflavíkur. Rætt var vítt og breytt um samstarfið við Njarðvík. Einar tók til máls og skýrði frá ýmsum verkefnum á vegum aðalstjórnar. Félagsheimili er forgangsverkefni stjórnarinnar. Einar sýndi teikningar af væntanlegu félagsheimili sem byggt verður ofan á búningssklefa Sunnubrautar og meðfram suðurgafli íþróttahússins en þetta eru fyrstu drög. Stefnt er að því að bjóða út verkið í mars 2007 og afhenda okkur félagsheimilið í september 2008. Einar kom inn á heimasíðu félagsins og þá möguleika sem hún hefur upp á að bjóða. Einar minnti á kjör íþróttamanns Keflavíkur þann 27. desember 2007 kl. 20:00 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108. Einar þakkaði fyrir góðan fund og óskaði deildinni velfarnaðar.

Fundi lauk 19:15





### **5. Jólblað Keflavíkur 2006.**

Einar afhenti stjórnarmönnum eintak af jólblaði félagsins og fór yfir efnistöð í blaðinu. Blaðið er þrjátíu og sex síður. Blaðið verður borið út nú um helgina af 4. fl. kvenna í knattspyrnu. Einar er búinn að afhenda Jóni Ólafi Jónssyni fyrsta eintakið en hann er í opnuviðtali í blaðinu að þessu sinni.

### **6. Nýr heiðurskross og merki.**

Einar kynnti nýjan heiðurskross og heiðursmerki fyrir félagið sem Ísspor hefur hannað í samráði við stjórn félagsins. Ákveðið að taka heiðurskrossinn sem er með dökkum bakgrunni á logóinu. Framkvæmdastjóra falið að panta fimm heiðurskrossa og tíu heiðursmerki úr gulli og silfri.

### **7. Önnur mál.**

Trúnaðarmál.

Næsti fundur er 19. des. 2006

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:00

